



SGG lögstofa ehf.
Höfðabakki 9, D hús
105 Reykjavík

Dagsetning 3.10.2025
Málsnúmer UTN25070014

Ósk um afléttingu frystingar fjármuna skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 68/2023

Vísað er til erindis Vélfags ehf. sem barst ráðuneytinu 19. september sl. þar sem þess er óskað að ráðherra aflétti þegar í stað frystingu fjármuna félagsins í vörslum Arion banka á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna („pfl.“). Ákvæðið kveður á um að ráðherra skuli gefa fyrirmæli um afléttingu frystingar þegar staðfest hefur verið að frysting fjármuna hafi beinst að aðila sem ber sama eða svipað nafn og skráður aðili á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Af hálfu Vélfags er því haldið fram að ruglingur á nöfnum tveggja aðila, Norebo JSC og Norebo Overseas Holding Ltd., hafi leitt til þess að eignir félagsins hafi verið frystar. Vélfag vísar til þess að engin efnahagsleg tengsl hafi verið á milli félagsins og Norebo JSC frá árinu 2023 og í raun ekki fyrir þann tíma heldur þar sem Norebo Overseas Holding Ltd. eignaðist hlut í félaginu 2021 og er sjálfstæður lögaðili skráður í Hong Kong. Vélfag bendir á að hvorki Evrópusambandið né íslensk stjórnvöld hafi beitt Norebo Overseas Holding Ltd., systur- eða dótturfélög þess, þvingunaraðgerðum. Af því leiði að það fari í bága við tilgang pfl. að Vélfag, íslenskt félag með engin tengsl við Norebo JSC, þurfi að þola frystingu fjármuna og heftan rekstur þess. Vélfag bendir á að Titania Trading Ltd. sé réttilega skráður eigandi 81,80% hluta í félaginu og það félag var í eigu Nikita Orlov fram til 16. maí sl. þegar Ivan Nicolai Kaufmann keypti félagið. Hvorki Nikita né Ivan sæta þvingunum og er þeim því frjálst að eiga í viðskiptum.

Þann 8. júlí 2025 tilkynnti Arion banki Vélfagi að fjármunir félagsins í vörslu bankans hefðu verið frystir á grundvelli 10. gr. pfl. og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 2024/2642 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika. Reglugerð ráðs Evrópusambandsins nr. 2024/2642 var innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 1439/2024 um breytingu á reglugerð nr. 893/2024, um þvingunaraðgerðir varðandi Rússland. Í 2. gr. fyrrnefndar reglugerðar nr. 1439/2024 er kveðið á um að frysta skuli alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyri, sé í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka. Rökstuðningur bankans sneri að því að grunur væri um að félagið Norebo JSC, sem fært var á lista Evrópusambandsins yfir lögaðila sem sæta þvingunaraðgerðum á grundvelli framangreindrar reglugerðar þann 20. maí 2025, væri raunverulegur eigandi Vélfags. Í tilkynningu bankans kemur fram að þrátt fyrir áskoranir hafi ekki borist viðhlítandi skýringar eða gögn af hálfu Vélfags sem sýni fram á að grunur bankans sé ekki á rökum reistur, eða að sala Norebo JSC á eignarhlut sínum í Vélfagi hafi verið raunveruleg og sönn með rofi á eigna- og stjórnunarlegum tengslum og yfirráðum.

Markmið með frystingu fjármuna á grundvelli laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna er að koma í veg fyrir fjármagnsflutning, svo sem

afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu, eignaskráningu og önnur viðskipti, og hindra þannig að aðilar sem sæta frystingu fái greiðslur í hendur og geti nýtt fjármuni með öðrum hætti. Til að markmiðum þvingunaraðgerða verði náð er nauðsynlegt að tryggja samræmi í framkvæmd þeirra. Felur það meðal annars í sér að lítið sé til þeirra fordæma sem þegar hafa skapast við beitingu reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 2024/2642, og annarra sambærilegra réttarheimilda, varðandi framkvæmd frystingar og mat á því hvort skilyrði fyrir undanþágum séu uppfyllt.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. þfl. kemur fram í leiðbeiningum Evrópusambandsins um bestu framkvæmd við beitingu þvingunaraðgerða að þvingunaraðgerðir skuli ná til aðila sem eru í eigu eða undir stjórn aðila á þvingunarlista. Við mat á því hvort aðili lúti slíkum yfirráðum skal líta til þess að slíkt umráð geti birst með margvíslegum hætti. Sem dæmi má nefna tilvik þar sem aðili á þvingunarlista á meira en 50% hlutafjár í öðrum aðila eða hefur heimild til að skipa eða víkja meirihluta stjórnarmanna. Jafnframt teljast flókið eignarhald og stjórnskipulag sem skortir trúverðugan efnahagslegan eða lögmætan tilgang, eða veiting tilhæfulausra lána í þeim tilgangi að dylja raunverulegt eignarhald, vísbendingar um slík yfirráð.

Fyrirkomulag eignarhalds má ekki vera leið til að komast hjá alþjóðlegum skuldbindingum. Verði þvingunaraðgerðir ekki útfærðar með víðtækum hætti, sem taki mið af efnahagslegum raunveruleika fyrirtækja, er hætta á að þær missi gildi sitt þar sem aðilar á þvingunarlista geti auðveldlega endurskipulagt starfsemi sína eða flutt eignir milli tengdra eininga til að forðast þvingunaraðgerðir. Til að tryggja skilvirkni þvingunaraðgerða og koma í veg fyrir sniðgöngu þeirra er óhjákvæmilegt að beita þurfi sömu aðgerðum gagnvart dótturfélögum og gilda um móðurfélag sem skráð er á lista yfir þvingunaraðgerðir. Ef einungis móðurfélagið yrði beitt þvingunaraðgerðum væri raunveruleg hætta á að það gæti haldið starfsemi sinni óhindrað áfram í gegnum dótturfélög sem það hefur yfirráð yfir, og þar með sniðgengið áhrif aðgerðanna.

Norebo JSC var fært á lista yfir aðila sem sæta frystingu á grundvelli reglugerðar ráðs Evrópusambandsins nr. 2024/2642 vegna þess að skip í eigu félagsins hafa siglt eftir leiðum sem samræmast ekki því sem ætla má í lögmætum tilgangi vegna fiskveiða. Hafa þau m.a. dvalið nálægt mikilvægum neðansjávarinnviðum og á hernaðarsvæðum. Hreyfingar skipanna hafa verið tengdar við notkun rússneska ríkisins á borgaralegum fiskiskipum til eftirlits og njósna gegn borgaralegum og hernaðarlegum innviðum á Norðursjó og í Eystrasalti. Að mati Evrópusambandsins hefur Norebo JSC stutt við og framkvæmt aðgerðir ríkisstjórnar Rússlands sem grafa undan eða ógna öryggi í Evrópusambandinu og samstarfsríkjum þess.

Vélfag ehf. er íslenskt félag sem var skráð í meirihlutaeigu dótturfélags Norebo JSC, Norebo Overseas Holding Ltd., frá desember 2021 til júlí 2023 þegar hlutur Norebo JSC í félaginu var seldur til Titania Trading Limited. Titania Trading Limited var þá í eigu sonar eiganda Norebo JSC. Fjórum dögum áður en Norebo JSC var bætt á lista yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum, 16. maí sl., var Titania Trading Limited, sem fer með rúmlega 81% hlut í Vélfagi, selt Ivan Nicolai Kaufmann. Arion banki frysti eignir Vélfags 8. júlí sl. vegna gruns um að félagið Norebo JSC sé raunverulegur eigandi félagsins.

Til þess að þvingunaraðgerðir ná tilætluðum árangri er nauðsynlegt að þær ná einnig til dótturfélaga, með sömu skilyrðum og gilda um móðurfélag sem er á lista yfir þvingunaraðgerðir. Það liggur fyrir að árið 2021, þegar Norebo Overseas Holding Ltd.

eignaðist 54.5% hlut í Vélfagi, var Norebo Overseas Holding Ltd. í 100% eigu Norebo JSC. Engar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu sem gefa til kynna að breytingar hafi orðið á fyrirkomulagi eignarhalds Norebo JSC og Norebo Overseas Holding Ltd. Með vísan til framangreinds getur ráðuneytið ekki fallist á þá staðhæfingu að ruglingur á nöfnum aðila, Norebo JSC og Norebo Overseas Holding Ltd., hafi orðið til þess að eignir Vélfags voru frystar. Skilyrði 2. mgr. 12. gr. þfl., sem heimila afléttingu frystingar ef staðfest er að hún hafi beinst að aðila sem ber sama eða svipað nafn og skráður aðili, eru því ekki fyrir hendi.

Fyrir hönd ráðherra,



Sesselja Sigurðardóttir

